


bænda
FERÐIR

Á GÖNGUSKÍÐUM Í SEEFELD 3

kennslu- og æfingaferð



1. – 8. febrúar 2025

Fararstjórn: Anna Sigríður Vernharðsdóttir
Skíðakennsla: Sveinbjörn Sigurðsson & Katrín Árnadóttir

Hreyfiferð
Austurríki | Þýskaland

Ferðalýsing

Kennslu- og æfingaferð á gönguskíðum í skemmtilegum félagsskap og fallegu umhverfi er sannkallaður draumur útivistarfólks. Seefeld býður upp á allt það besta til að gera ferðina að **ógleymanlegu vetrarævintýri**. Svæðið við Seefeld er einstaklega fallegt og fjölbreytt. Skíðabrautir svæðisins eru rúmlega 245 km langar en þær eru í um 1.200 m hæð yfir sjávarmáli. Gist verður á glæsilegu 4* hóteli í bænum þar sem fullt fæði er innifalið. Á hótelinu er notaleg **heilsulind** með sundlaug, sauna og eimbaði. Flogið er með Icelandair til Innsbruck og ekið sem leið liggur til Seefeld en þangað eru aðeins um 25 km. Í þessari ferð er skipulögð skíðagöngukennsla og því hentar hún bæði byrjendum sem lengra komnum.

Nánar um ferðina

Í ferðinni verða bæði fararstjóri og skíðakennarar. Fyrir þá sem það vilja verða skíðakennarar með æfingar og kennslu flesta daga og oft er einhver dagskrá bæði fyrir og eftir hádegi. Því er upplagt að nýta sér kennsluna hálfan daginn og æfa sig sjálfur hálfan daginn. Kennslan verður fjölbreytt og skipt er í hópa eftir getu. Þeir sem vilja frekar njóta þess að skíða á sínum eigin forsendum í dásamlegu umhverfi gera það. Markmiðið er að allir njóti sín við bestu mögulegu aðstöðu sem Alparnir hafa upp á að bjóða.



8 dagar | 7 nætur í Seefeld

Skíðasvæðið

Seefeld er 3.400 manna bær í um 1.200 metra hæð yfir sjávarmáli. Þessi huggulegi bær er einn vinsælasti ferðamannabærinn í Tíról. Seefeld hásléttan er umvafinn Wetterstein-, Mieminger- og Karwendelfjöllunum en hér áður var þetta mikið vatnasvæði eins og nafn bæjarins ber með sér. Ólympíuleikarnir í norrænum greinum voru haldnir þarna 1964 og



1976 og heimsmeistarakeppnin árið 1985 og aftur árið 2019. Árin 2005, 2007 og 2008 var Seefeld valið besta skíðagöngusvæðið af 232 tilnefndum svæðum í Evrópu. Á Seefeld svæðinu má finna fjöldann allan af skíðagöngubrautum enda eru skíðabrautir svæðisins rúmlega 245 km langar og henta jafnt byrjendum sem og lengra komnum. Svæðið er fimm stjörnu skíðagöngusvæði og er sökum

staðsetningar sinnar á hásléttunni snjóöruggt. Skíðagöngubrautirnar eru samtengdar fimm þorpum á svæðinu þ.e. Seefeld, Leutasch, Möseren, Reith og Scharnitz og því hægt að fara nýjar og spennandi leiðir á hverjum degi. Einnig er upplagt að taka kláfinn upp á Roshütte fjallið í 1784 m hæð og njóta stórfenglegs útsýnis til allra átta en þar er vinsæll veitingaskáli.

Vefsíða Seefeld er: www.seefeld.com og www.skiseefeld.com

Hótelíð

Gist verður allar næturnar á 4* hóteli í miðbæ Seefeld, Hótel Bergland. Fullt fæði er innifalið, morgunverðarhlaðborð, hádegissnarl með súpu dagsins, síðdegishressing með gómsætu sætabrauði og á kvöldin er vel útilátin fjögurra rétta máltíð með salathlaðborði. Flestir drykkir frá 11:00 á morgnanna til 22:00 á kvöldin eru innifaldir. Notaleg heilsulind er á hótelinu með sundlaug, sauna, eimbaði með salt- og ilmstillingu, innrauðum hitaklefa og köldum kerum. Boðið er upp á nuddmeðferðir gegn gjaldi. Heilsubarinn býður svo upp á te, ávaxtasafa og hollustusnarl. Herbergin eru öll með baði/sturtu, hárburrku, síma, sjónvarpi og öryggishólfi. Gestir fá baðslopp til afnota á meðan á dvölinni stendur. Ókeypis þráðlaust net er á hótelinu. Sjá nánar á [vefsíðu hótelsins](#).



Flugið

Flugið verður með Icelandair til Innsbruck þann 1. febrúar. Brottför frá Keflavík kl. 12:15 en mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst fyrir brottför. Lending í Innsbruck kl. 17:35 að staðartíma. Frá flugvællinum í Innsbruck eru um 25 km til Seefeld. Á brottfarardegri er flugið heim kl. 18:45 frá Innsbruck. Lending á Íslandi kl. 22:20.

Verð

379.900 kr. á mann í tvíbýli | 23.600 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Ferðir á milli flugvallarins í Innsbruck og hótelsins í Seefeld.
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergi með baði á fjögurra stjörnu hóteli.
- ✓ Morgunverðarhlaðborð.
- ✓ Léttur hádegisverður með súpu dagsins.
- ✓ Síðdegishressing með gómsætu sætabrauði.
- ✓ Vel útilátinn 4ra rétta kvöldverður með salathlaðborði.
- ✓ Allir drykkir frá 11:00 – 22:00.
- ✓ Þemakvöldverður eitt kvöldið.
- ✓ Aðgangur að heilsulindinni.
- ✓ Kort í skíðagöngubrautir svæðisins.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aukagjald fyrir skíði í flug.
- ✓ Forfalla- og ferðatrygging.